

Alþingi
Erindi nr. P 127/1258
komudagur 15. 3. 2002



HEILBRIGÐIS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Laugavegur 116, 150 Reykjavík,

Sími: 560 9700, Bréfsími: 551 9165,

netfang: postur@htr.stjr.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. mars 2002

Tilvísun: HTR02020198/0030/IHP/--

Vísað er til bréfs fjárlaganefndar Alþingis dags. 19. febrúar 2002 ásamt meðfylgjandi frumvörpum til laga um fjárreiður ríkisins, 26. mál, fjáraukalög, og fjáraukalög, 28. mál.

Í bréfi fjárlaganefndar er leitað umsagnar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um áðurgreind frumvörp.

Ráðherra mun gera grein fyrir afstöðu ráðuneytisins, þegar málið kemur til umræðu á Alþingi.

F.h.r.

David A. Sumarson

Svanhildur Jaleobsd.



LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrata 7, 150 Reykjavík
Sími: 560 9750, bréfasími: 552 1160

Alþingi
Sigurður Rúnar Sigurjónsson
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 127/1278
komudagur 15.03.2002

Reykjavík, 28. febrúar 2002

Tilvísun: LAN02020108/016


IJ/-

Vísað er til erindis fjárlaganefndar dags. 19 febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn landbúnaðarráðuneytis um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, 26. mál. Einnig er óskað eftir umsögn um frumvarp til fjárukalaga, 28. mál.

Landbúnaðarráðuneytið tekur undir sjónarmið sem fram koma í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjárreiður ríkisins, að eðlilegra geti talist að leitað sé heimilda um útgjöld, áður en til þeirra sé stofnað. Ráðuneytið vill benda á að framlög á fjárukalögum eru hærri hér á landi, en víðast annarsstaðar.

Ráðuneytið gerir ekki sérstakar athugasemdir við frumvarp til fjárukalaga til að greiða úr fjárhagsvanda sveitafélaga.

F.h.r.


Guðmundur B. Helgason

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10	14.03.2002	A-8 LÖ/mb

150 Reykjavík.


Í bréfi, dags. 19. febrúar s.l., fór fjárlaganefnd Alþingis fram á umsögn Ríkisendurskoðunar um tvö lagafrumvörp. Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins, 26. mál, og hins vegar um frumvarp til fjárukalaga, 28. mál.

Í fyrrnefnda frumvarpinu er lagt til að við 43. gr. fjárreiðulaga bætist nýr málslíður er mæli fyrir um að fjármálaráðherra skuli þegar svo ber undir leggja fram frumvarp til fjárukalaga fyrir Alþingi bæði þegar það kemur saman að hausti og áður en því er slitið að vori. Af þessu tilefni skal bent á að skv. 43. gr. laganna skal, ef þörf krefur, leita eftir heimildum til frekari fjárráðstafana en fjárlög árs gera ráð fyrir í frumvarpi til fjárukalaga. Í greininni er hvorki að finna takmörkun á því hve oft hægt sé að leggja slíkt frumvarp fram né hvenær slíkt skuli gert. Megináhersla fjárreiðulaganna er sú að ef þörf er á fjárheimildum umfram það, sem fjárlög leyfa, skuli þeirra aflað í fjárukalögum. Þetta úrræði á þó eðli málsins samkvæmt að nota sparlega. Líður í þessu er að vanda svo sem kostur er til fjárlaganna sjálfra. Að mati Ríkisendurskoðunar er ekki heppilegt að lögbinda með þeim hætti, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, hvenær leggja skuli fyrir frumvarp til fjárukalaga. Slíkt á að hennar mati að ráðast af aðstæðum hverju sinni eins og nógildandi ákvæði tryggir.

Í síðara lagafrumvarpinu, sem óskað er umsagnar um, er lagt til að í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2001 bætist nýr líður, er feli í sér heimild til að verja allt að 1 milljarði króna til að greiða úr fjárhagsvanda sveitarfélaga vegna félagslega íbúðakerfisins. Með hliðsjón af efni og eðli þessa lagafrumvarps biðst Ríkisendurskoðun, með vísan til lögbundinnar stöðu sinnar og hlutverks, undan því að veita umsögn um frumvarpið.




Alþingi
Erindi nr. P 127/1995
komudagur 18.4.2002



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 15. apríl 2002.

Nefndarsvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

Varðar umsögn um frumvörp til laga um fjárreiður ríkisins.

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 11. apríl s.l., var tekið fyrir erindi yðar dags. 25. febrúar 2002 þar sem óskað var umsagnar um frumvörp til laga um fjárreiður ríkisins, 26. mál, fjárukalög og 28. mál, fjárukalög 2001.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpanna.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.



Selfossi, 22. mars 2002

Alþingi

Erindi nr. P 12? / 11452

komudagur 25.3.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 20. mars sl., voru eftirfarandi þeingmál frá Alþingi tekin til umsagnar:


Eftirfarandi umsagnir voru samþykktar:

- a. Frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál.
Ekki eru gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.
- b. Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á þorskeldi, 56. mál.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.
- c. Tillaga til þingsályktunar um áfallahjálp innan sveitarfélaga, 141. mál.
Stjórn SASS tekur er undir meginhugmynd tillögunnar en telur eðlilegt að umsjón með skipulegri áfallahjálp verði falin heilsugæslustöðunum.
- d. Frumvarp til laga um eldi nytjastofna, 333. mál.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.
- e. Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.
Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar.
- f. Tillaga til þingsályktunar um flutning verkefna frá stjórnarsýslustofnunum til sýslumannsembætta á landsbyggðinni, 488. mál.
Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar.
- g. Tillaga til þingsályktunar um aukapening Alþingis um byggðamál, 24. mál.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.
- h. Frumvarp til umferðarlaga, 140. mál, hægri beygja á móti rauðu ljósi.
Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.

- i. Frumvörp til laga um fjárreiður ríkisins, 26. mál, fjáráukalög, og 28. mál fjáráukalög 2001.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpanna.
- j. Tillögu til þingsályktunar um sjóðandi lághitasvæði, 192. mál.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.
- k. Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál.
Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.

Umsögnunum er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri